

Spurningar og svör og úr “*Komdu og skoðaðu land og þjóð.*”

Þið þurfið að skilja og muna vel orðin sem búið er að strika undir.

(You have to understand and remember the words underlined in the text)

bls. 2-3

1. Hvað sér Kári þegar hann horfir á Ísland úr flugvél?

Hann sér hús, bæi, tún og skóg.

2. Hvað er á láglandi?

Fólkið býr á láglandi. Þar er hægt að rækta grænmeti, tún og skóg.

3. Hvað er þéttbýli?

Í þéttbýli búa margir (mikið af fólki) á litlu svæði.

4. Hvað er dreifbýli?

Í dreifbýli búa fáir (ekki mikið af fólki) á stóru svæði.

5. Hvernig er landslagið á hálandinu?

Þar eru fjöll og jöklar.

6. Hvað ræður ríkjum á hálandinu? (kóngur ræður ríkjum í ríki sínu)

Náttúran ræður ríkjum.

bls. 4

6. Eru mörg eldfjöll á Íslandi?

Já, á Íslandi eru mörg eldfjöll.

7. Hvaða fjall sér Kári gjósa?

Hann sér Heklu gjósa.

8. Hvað sér Kári koma úr eldfjallinu sem er að gjósa? Skoðaðu myndina?

Kári sér svartan reyk og hraun sem er rautt.

9. Hvernig er snjórinn á litinn?

Hann er hvítur.

10. Hvernig er himinninn á litinn?

Hann er blár

11. Hvað heitir hnötturinn okkar?

Hnötturinn heitir jörðin

12. Úr hverju er skorpan á jörðinni (jarðskorpan) gerð?

Skorpan á jörðinni er úr flekum. (jarðskorpuflekum)

13. Hvað kallast bráðið grjót sem er inni í jörðinni?

Það er kallað kvika

14. Hvað gerist þegar kvikan kemur upp úr jörðinni á milli flekanna?

Þá er eldgos.

15. Þegar eldgosinu lýkur hvað verður þá um kvikuna sem er komin upp á jörðina?

Kvikan kólnar og storknar og verður að hrauni

16. Hvernig varð Ísland til?

Ísland varð til í eldgosi. Kvika kólnaði, storknaði og varð að hrauni sem nú er Ísland.

bls. 6

17. Hvaða mál talar Kári?

Hann talar íslensku.

18. Hvaða mál talar þú?

Ég tala....

19. Hvaðan ert þú?

Ég er frá...

20. Kári er Íslendingur, en þú?

Ég er....

21. Hvað ætla mamma hans og pabbi að gera í útlöndum?

Þau ætla að sækja barn til útlanda sem verður systir hans Kára.

22. Hvar á Kári að vera á meðan?

Hann á að vera hjá afa og ömmu.

bls. 7

23. Getur þú lýst því hvað er að nema land?

Þegar fólk flytur á nýtt land sem enginn hefur átt áður.

24. Hvað er fólk kallað sem nemur land?

Fólk sem nemur land er kallað landnemar.

25. Ætlar þú að setjast að á Íslandi eða ætlar þú að fara aftur heim til þín?

bls. 8

26. Hvar á frændi Kára heima?

Hann á heima í Afríku.

27. Átt þú frænku í útlöndum?

28. Hvar á frænka þín heima?

29. Hvers vegna er alltaf heitt í Afríku?

Af því að sólin skín alltaf hátt á himni.

30. Hvað er líkt með öllu fólki hvar sem er á jörðinni hvort sem það kemur frá heitu eða köldu landi? (Hvað þurfa allir til að lifa?).

Allir þurfa að borða og drekka, allir vilja eiga góða vini.

bls. 9

31. Hvað heitir heimsálfan sem maðurinn á rætur sínar?

(Hvar voru heimkynni mannsins fyrst?)

Heimsálfan heitir Afríka.

32. Hvaða húðlit hafði fólk þá?

Allir voru með dökka húð.

33. Hvernig breyttist húðin á fólki þegar það fór að aðlagast veðráttunni á norðlægum löndum?

Húðin varð ljós.

34. Útskýrðu orðið lífvera?

Það er lifandi vera: mannvera eða dýr.

35. Viltu útskýra hvað átt er við með orðinu að aðlagast? (aðlögun)

Þegar lífverur breytast eftir staðnum sem þær búa á.

bls. 10

36. Í hvaða heimsálfu átt þú heima núna?

Í Evrópu.

37. Er Ísland meginland eða eyja?

Ísland er eyja.

38. Kemur þú frá meginlandi eða eyju?

39. Hver er helsta útflutningsvara Íslendinga? (Hvað selja Íslendingar til útlanda?)

Íslendingar veiða og selja fisk til útlanda.

40. Íslendingar þurfa að kaupa sum matvæli frá útlöndum, nefnið dæmi?

Til dæmis ávexti, te, kaffi og kakó, sykur, hveiti og hrísgrjón.

41. Er hægt að rækta ávexti í þínu landi?

42. Hver er helsta útflutningsvaran í þínu landi?

bls. 11

43. Skín sólin skært á Íslandi í dag?

44. Hvernig er Ísland ólíkt þínu landi?

45. Hvernig er Ísland líkt þínu landi?

46. Finnst þér gott að hafa kalt?

bls. 12

47. Eftir hvaða götum gengur Kári?

Hann gengur eftir Aðalstræti og Austurstræti.

48. Hvaða götur sér hann?

Hann sér Suðurgötu og Vesturgötu

49. Við hvaða götu er stjórnarráðið?

Stjórnarráðið er við Lækjargötu.

50. Hvað heitir höfuðborg Íslands?

Reykjavík er höfuðborg Íslands.

bls. 13

51. Hvar eru íslensk lög samin?

Íslensk lög eru samin á Alþingi.

52. Hverjir sitja á Alþingi?

Fólk sem þjóðin kys.

53. Hver stjórnar Íslandi?

Ríkisstjórnin stjórnar Íslandi.

54. Hverjir velja ríkisstjórn á Íslandi?

Alþingismenn velja ríkisstjórn.

55. Í hvaða húsi vinnur ríkisstjórn Íslendinga?

Ríkisstjórnin vinnur í stjórnarráðinu.

56. Hvað er fólk kallað sem situr í ríkisstjórn?

Það er kallað ráðherrar.

57. Hvaða starfsheiti hefur fyrirliði ríkisstjórnarinnar?

Starfsheiti fyrirliðans er forsætisráðherra.

58. Hvað heitir núverandi forsætisráðherra?

Hann heitir Davíð Oddsson.

bls. 14

59. 17. júní er þjóðhátíðardagur Íslendinga. Hvenær er þjóðhátíðardagur í þínu landi?

60. Hvað er þjóðbúningur?

Þjóðbúningar eru föt lík þeim fötum sem fólk var í fyrir langa löngu.

61. Amma hans Kára er í þjóðbúningi. Er til þjóðbúningur í þínu landi?

62. Hvaða litir eru í íslenska þjóðfánanum?

Litirnir eru hvítur, blár og rauður.

63. Hvaða litir eru í þjóðfánanum í þínu landi?

64. Hvað heitir forseti Íslands?

Hann heitir Ólafur Ragnar Grímsson.

65. Hvað er stytta? (**Statue** á ensku) Flettu orðinu upp í orðabók.

Stytta er höggmynd, myndastytta.

66. Hvaða stytta er á Austurvelli í Reykjavík?

Styttan er af Jóni Sigurðssyni.

bls. 15.

67. Úr hvaða efni voru næstum öll föt Íslendinga í gamla daga?

Næstum öll föt voru búin til úr ull af íslenskum kindum.

68. Hvað eru þjóðlög?

Þjóðlög eru söngvar sem hafa verið til lengi.

69. Þekkirðu þjóðlag frá þínu landi? Ef svo er hvað heitir það?

70. Um hvað fjalla margar íslenskar þjóðsögur?

Margar íslenskar þjóðsögur fjalla eru um tröll og aðrar skrýtnar verur.

bls. 16

71. Er þjóðin þín sjálfstæð þjóð? (ræður hún sér sjálf?)

72. Einu sinni var Ísland ekki sjálfstæð þjóð, hverjir réðu þá yfir Íslandi?

Danir réðu þá yfir Íslandi.

73. Hvað hét fyrsti forsetinn á Íslandi?

Fyrsti forsetinn hét Sveinn Björnsson.

74. Hvaða ár varð hann forseti?

Hann varð forseti árið 1944.

bls. 17

75. Hvað þýðir orðið landvættur?

76. Í sögunni um kónginn og galdramanninn er talað um landvætti, hvaða landvættir voru stærstir?

Stærstu landvættirnir voru dreki, fugl, naut og risi.

77. Hvað þýðir orðið skjaldarmerki?

78. Hvaða mynd er á skjaldarmerki Íslands?

Mynd af landvættunum er í skjaldarmerki Íslands.

79. Er til skjaldarmerki í þínu landi? Hvernig er það?

bls. 18

80. Hvernig er landslagið á Þingvöllum?

Á Þingvöllum eru margar sprungur í landinu, þar er hraun og stórt vatn.

81. Hefur þú komið til Þingvalla?

82. Koma stundum jarðskjálftar í þínu landi?

83. Hvað þýðir orðið þjóðgarður?

Í þjóðgörðum breyta menn náttúrunni eins lítið og hægt er.

84. eru þjóðgarðar í þínu landi? eru þeir margir eða fáir?

bls. 19

85. Hvar eru matvæli (matur) framleidd (búin til) Íslandi?

Í sveitum og við sjóinn eru líka unnin matvæli .

86. Hvaða hlutverk hafa hafnir og flugvellir?

Á flugvöllum og höfnum kemur fólk til landsins.

87. Hvað skoða ferðamenn á Íslandi?

Ferðamenn skoða þjóðgarða og aðra fallega og merkilega staði á landinu.

bls. 20

88. Hvar var Alþingi á Íslandi fyrst stofnað?

Alþingi var fyrst stofnað á Þingvöllum.

89. Hvaða ár var það stofnað?

Það var stofnað árið 930.

90. Hvað var fólk margar vikur á Alþingi á Þingvöllum?

Fólk var tvær vikur á Þingvöllum.

91. Hvað var gert á Alþingi á Þingvöllum?

Á Þingvöllum voru íslensk lög ákveðin.

92. Hvert var Alþingi flutt?

Alþingi var flutt til Reykjavíkur.

bls. 21

93. Segðu frá hringrás vatnsins á jörðinni?

Sólin lætur vatnið gufa upp í loftið af jörðinni, í loftinu myndar vatnið ský. Rigning og snjór falla úr skýjunum.

94. Teiknaðu vatnsmikla á.

95. Skoðu Íslandskort. Finndu 3 stærstu jökla á Íslandi? Hvað heita þeir?

95. Skoðaðu Íslandskort. Finndu stórt vatn á Íslandi? Hvað heitir það?

97. Hvað þurfa allar lífverur til að geta lifað?

bls. 22

98. Hvað þýðir orðið hverir á þínu tungumáli? (eintala **hver**)

99. Hvernig hitnar vatnið í hverum?

Vatnið hitnað við heita kviku djúpt í jörðu.

100. Hvað getur fólk á Íslandi notað til að hita upp húsin sín?

Fólk getur notað heita vatnið til að hita upp húsin sín.

101. Hvernig myndast stórir fossar (hvernig verða stórir fossar til) eins og Gullfoss.

Stórir fossar eru þar sem vatn rennur frá hálendi til láglandis.

bls. 23

102. Hvers vegna eru sumir fossar virkjaðir?

Sumir fossar eru virkjaðir til að búa til rafmagn.

103. Hvaða kona bað Alþingismenn og aðra sem réðu miklu um að Gullfoss yrði ekki virkjaður?

Konan hét Sigríður Tómasdóttir.

104. Hver á Gullfoss?

Nú á íslenska þjóðin Gullfoss.

105. Hefur þú skoðað Gullfoss?

bls. 24

106. Hvaðan eru pabbi, mamma og litla systir Kára að koma?

Þau eru að koma frá Indlandi.

107. Hvað heitir litla systir Kára?

Hún heitir Púrníma.